

**Ed.**

## **124. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 14 9. jan. 1935, um sildarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Bernh. Stefánsson og Einar Árnason.

### 1. gr.

Í stað 4. gr. laganna komi 6 nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. Yfirstjórn sildarverksmiðja ríkisins er í höndum verksmiðjuráðs og ráðherra þess, er fer með útvegsból. Stjórn verksmiðjanna annast að öðru leyti þriggja manna verksmiðjustjórn.
- b. Verksmiðjuráðið er skipað 12 mönnum. Af þeim skulu 9 menn kosnir af sameinuðu Alþingi, með hlutfallskosningu. Skal kosning ætíð fara fram á Alþingi því, er fyrst kemur saman eftir hverjar almennar alþingiskosningar, eigi síðar en 2 vikum eftir þingsetningu. Hinir 3 skulu tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga, einn frá hverjum aðilja.

Kjörtími þessara manna er hinn sami og þeirra, sem þingkjörnir eru. Varámennt, sem taka sæti í forföllum aðalmanna, skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn, og koma þeir í stað aðalmanna eftir þeirri röð, er þeir hafa verið kosnir á listunum og tilnefndir af hlutaðeigandi stofnunum.

Verksmiðjuráðsfulltrúar fá endurgoldinn ferðakostnað, ef einhver er, en hafa ekki að öðru leyti laun fyrir störf sín.

- c. Verksmiðjuráðið kys, með hlutfallskosningu, 3 menn í stjórn verksmiðjanna og aðra 3 til vara. Kosning þessi gildir þar til mánuði eftir að nýtt verksmiðjuráð hefir verið kosið. Laun verksmiðjustjórnar ákveður ríkisstjórnin, að fengnum tillögum verksmiðjuráðs. Ráðherra tilnefnir einn úr verksmiðjustjórninni sem formann hennar.
- d. Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdarstjóra, einn eða tvo. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Ákveður hún starfssvið þeirra og laun.

Stjórn verksmiðjanna hefir aðsetur og varnarþing á Siglufirði, og skulu stjórnarnefndarmennirnir vera þar búsettir eða hafa þar fast aðsetur þann hluta ársins, sem verksmiðjurnar eru reknar.

Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift tveggja stjórnarnefndarmanna. Framkvæmdarstjóri annast sölu afurðanna í samráði við stjórn verksmiðjanna. Hann hefir prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær eftir reglum um prókúru, að svo miklu leyti sem öðruvísi er eigi ákveðið.

- e. Sá þingkjörni verksmiðjuráðsmaður, sem flest atkvæði hefir fengið, boðar verksmiðjuráðið til fundar svo fljótt sem því verður við komið, eftir að kosning og tilnefning hefir farið fram. Skal þar kjósa forseta og varaforseta ráðsins.

og gildir sú kosning fyrir kjörtímabilið. Forseti boðar ráðið til funda svo oft sem nauðsyn krefur, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Rita skal í fundabók stutta skýrslu um það, er gerist á fundunum, svo og allar ályktanir verksmiðjuráðsins. Fundur er lögmaður þá er meira en helmingur fulltrúa er mættur.

- f. Störf verksmiðjuráðs eru þessi:
- Að kjósa 3 menn í verksmiðjustjórn samkv. 7. gr. (c-liður 1. gr. frv.).
  - Að kjósa, með hlutfallskosningu, 3 menn til að endurskoða reikninga verksmiðjanna og 3 til vara, til eins árs í senn, og ákveða laun þeirra.
  - Að úrskurða reikninga verksmiðjanna.
  - Að gera ályktanir um önnur mál, sem lögð verða fyrir verksmiðjuráðið samkv. lögum þessum eða eftir ósk verksmiðjustjórnar eða ráðherra.

## 2. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Nú er ákveðið, að verksmiðjurnar kaupi hráefni af framleiðendum með föstu verði, og ákveður þá verksmiðjustjórnin verðið í samráði við verksmiðjuráðið. Verði ágreiningur milli verksmiðjustjórnar og verksmiðjuráðs um, hversu hátt verðið skuli vera, sker fjármálaráðherra úr.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning 9 manna í verksmiðjuráð fer fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög, og tilnefning annara fulltrúa í verksmiðjuráðið svo fljótt sem því verður við komið.

## Greinargerð.

Á síðastl. vori lögðu tveir af hinum þingkjörnu stjórnarnefndarmönnum sildarverksmiðja ríkisins niður umboð sín. Er alkunnugt, að tildrögin til þess voru deilur, sem átt höfðu sér stað innan verksmiðjustjórnarinnar. Út af þessu voru svo gefin út bráðabirgðalög, þar sem ákveðið var, að stjórnarnefndarmennirnir skyldu aðeins vera 3 og allir stjórnskipaðir.

Svo var til ætlað, að þessir 3 stjórnarnefndarmenn yrðu sinn úr hverjum stjórnarmálaflokki, en af því varð þó ekki, sökum þess að Sjálfstæðisflokkurinn lagði bann við því, að sínir menn tækju sæti í verksmiðjustjórninni. Það verður að teljast mjög óheppilegt, að allir aðalstjórnarmálaflokkar landsins eigi ekki fulltrúa í stjórn sildarverksmiðjanna. Þær eru sameiginleg eign allra landsmanna, og allir þeir, sem sildarútveg stunda, eiga að hafa aðgang að þeim og verða að geta horið traust til stjórnar þeirra. En útgerðarmenn, sjómenn og verkamenn, sem vinna að sildarútvegi eða við verksmiðjurnar sjálfar, tilheyra auðvitað öllum stjórnarmálaflokkum. Það er því engin von til þess, að stjórn verksmiðjanna njóti fulls og almenns trausts, nema pólitísks jafnréttis sé gætt.

Á hinn bóginn verður þó að varast, að pólitísk sjónarmið séu yfirgnæfandi í stjórn verksmiðjanna. Atvinnureksturinn og heill og þrif fyrirtækisins er aðalatriðið.

Með þessu frv. er reynt að ná því tvennu, að stjórnarmálaflokkarnir njóti jafnréttis um val manna í stjórn sildarverksmiðjanna, en draga þó jafnframt úr því, að valið sé í stjórnina með pólitíska hagsmuni fyrir augum.

Er því lagt til í frv., að sett verði 12 manna verksmiðjuráð, 9 kosnir af Alþingi, með hlutfallskosningu, en 3 tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga. Verksmiðjuráðið kjósi síðan þriggja manna verksmiðjustjórn. Með þessu móti njóta allir stjórnarmálaflokkarnir jafnréttis, en nokkur hluti ráðsins á þó að vera skipaður ópólitískt. Með skipun verk-

smiðjuráðs er ætlað til, að út úr þinginu hverfi hið sífellda þref og deilur, sem átt hafa sér stað um stjórn verksmiðjanna, og er ekki hægt að telja slíkt ráð eins pólitíska stofnun eins og sjálft Alþingi. Mundi því pólitískrar togstreitu gæta minna með þessu móti.

Ekki er ætlað til, að verksmiðjuráðið hafi mikil störf með höndum, enda fái fulltrúarnir ekkert kaup, heldur aðeins ferðakostnað, ef einhver er. Þetta fyrirkomulag ætti því ekki að þurfa að verða dýrara heldur en hið fyrra, á meðan verksmiðjustjórnin var skipuð 5 mönnum.

Lagt er til, að framkvæmdarstjórar geti verið 2. Hefir verksmiðjunum fjölgað og reksturinn aukizt stórkostlega hin síðari ár, svo ekki virðist veita af 2 mönnum. Það er óhjákvæmilegt, að framkvæmdarstjóri sé jafnan á Siglufirði á meðan verksmiðjurnar eru í gangi, en jafnframt þarf að hafa eftirlit með þeim verksmiðjum, sem annarsstaðar eru. Það er því hæpið, að einn maður geti annað þessum störfum, svo að í fullu lagi sé.

Þá er lagt til, að framkvæmdarstjóri hafi sölu afurðanna með höndum, í samráði við stjórn verksmiðjanna. Virðist það eðlilegra fyrirkomulag heldur en það, sem nú er.